

Nr. 51.  
11. júlí.

## Lög

um

breyting á lögum um sölu kirkjujarða 16. nóv. 1907.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Heimild sú, er ráðherra Íslands er veitt í lögum nr. 50, 16. nóv. 1907, til þess að selja ábúendum kirkjujarða ábýlisjarðir sínar, skal einnig ná til hjáleigna prestssetra, ef þær eru sjerstakt býli, enda sjeu gerð ummerki á túni, engjum og högum, þegar matið fer fram.

Álits umráðamanns og hreppstjóra sje jafnan leitað um söluna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

---

***Kristján Jónsson.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 51.  
11. Juli.

om

Forandring i Lov af 16. November 1907 om Salg af Kirkejorder.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov :

Den Islands Minister ved Lov Nr. 50 af 16. November 1907 givne Bemyndigelse til at afhænde til Opsiddere paa Kirkejorder deres Brugsjord, skal tillige omfatte Præstegaardenes Hjalejer, for saa vidt disse udgøre en selvstændig Brugsjord, dog maa Hjemmemarken, Enge og Græsmarker være afmærkede, naar Vurderingen foregaar.

Udtalelse angaaende Salget bliver altid at erhverve hos den, som har Raadighed over Jorden saavel som hos Repstyreren.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Kristján Jónsson.***

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

***Kristján Jónsson.***

*Jon Krabbe.*